

## 66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

## 67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

## 68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 360/1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Línadal.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ólafsfirði.

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ólafsfirði á árinu 1988 skal vera kr. 4 000 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflið e í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði, nr. 81/1988.

## 2. gr.

Handsömunargjald skv. e lið 2. gr. sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988 skal vera kr. 4 000.

## 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1988.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*